



## Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Umhverfis- og auðlindaráðherra.  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Húsavík, 7. janúar 2021  
nr. erindis 202011116 BJB

Á 108. fundi sveitarstjórnar Norðurþings sem fram fór þann 1. desember s.l., var tekið fyrir neðangreint erindi.

### Tillaga um haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Skjálfanda

Helena Eydís leggur fram tillögu um að óskað verði eftir því við umhverfis- og auðlindaráðherra að hafin verði vinna við haf- og strandsvæðaskipulag fyrir Skjálfanda.

Til máls tóku; Helena, Hjálmar, Bergur og Hafrún.

Helena leggur fram eftirfarandi tillögu;

*Árið 2018 voru sett lög um skipulag haf- og strandssvæða. Meðal markmiða laganna er að „skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi; enn fremur taki skipulag mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga“.*

*Skjálfandi er búsvæði nytjastofna, sjávarspendýra, strand- og sjófugla og laxfiska. Flóinn hýsir náttúrufyrirbrigði af ýmsu tagi, neðan og ofan sjávarbotns, með ströndum og til fjalla. Á og við flóann er stunduð afar fjölbreytt nýting auðlinda hvort tveggja í atvinnu- eða afþreyingarskygni íbúa og gesta. Nefna má fiskveiðar, hvalaskoðun og fuglaskoðun. Við ströndina er landvinnsla á fiski, ferðaþjónusta, landfyllingar, hafnarmannvirki, netaveiðar, æðarvarp og rekaviður. Þá eru auðlindir til staðar sem hafa áður verið nýttar eða hafa verið hugmyndir um að nýta. Til dæmis hafa verið gerðar tilraunir með eldi á ostrum á flóanum. Komið hafa fram hugmyndir um vinnslu á olíu- og jarðgasi. Hval- og selveiðar voru stundaðar áður fyrr. Nýverið hafa svo komið fram hugmyndir um nýtingu á öðru sjávarfangi t.d. sjávargróðri.*

*Á undanförunum áratug hafa orðið umtalsverðar breytingar í sjávarútvegi á Húsavík og hyllir nú undir aukin umsvif við höfnina á ný. Ferðaþjónusta hefur vaxið fiskur um hrygg á hafnarsvæðinu en einnig í Flatey með viðkomu hvalaskoðunarbáta þar og í Tungulendingu með opnun gisti- og kaffihúss. Strandsiglingar eru hafnar á ný með aukinni umferð stórskipa og þá hefur skemmtiferðaskipum fjölgað á flóanum. Sem dæmi má nefna farþegaskip hafa verið 30-40 á undanförunum árum samanborið við 3-4 á fyrstu árum áratugarins. Flutningaskip voru sömuleiðis fá í upphafi 2. áratugar aldarinnar en eru síðastliðin ár rúmlega 60 á ári.*

*Fjölbreytt nýting flóans og aukin umferð skipa- og báta á undanförunum árum, áform um nýtingu auðlinda sem hingað til hafa ekki verið nýttar, auðlindir sem áhugi kann*



## Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

*að verða á í framtíðinni að verði nýttar, kallar allt á að unnið verði skipulag fyrir Skjálfanda sem treystir grundvöll nytja sem þegar eru til staðar hvort sem er í atvinnuskyni eða annað og skapi rými fyrir nýjar nytjar með sjálfbærni að leiðarljósi. Haf- og strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og/eða vernd svæðisins. Skipulagsheimildir sveitarfélaga og réttur jarðeiganda sjávarjarða ná aðeins að netlögum eða 115 m út frá stórstraumsfjöruborði. Án skipulags haf- og strandsvæða hafa þeir sem búa umhverfis haf- og strandsvæði eins og Skjálfanda lítið um það að segja hvers konar nytjar eru stundaðar í nánast umhverfi sínu. Skipulag haf- og strandsvæða er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga sem liggja að viðkomandi strandsvæði. Undirrituð leggur til að sveitarfélagið Norðurþing óski eftir því við umhverfis- og auðlindaráðherra að á árinu 2021 verði hafin vinna við haf- og strandsvæðisskipulag fyrir Skjálfanda og það sett fram í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 líkt og nú er fyrirhugað að verði gert við Eyjarfjörð eins og sjá í framangreindum viðauka sem er til kynningar og samráðs til 8. janúar næstkomandi.*

Hjálmar leggur til að málið verði sent hreppsnefnd Tjörneshrepps og sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Norðurþings tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar Norðurþings

Berglind Jóna Þorláksdóttir, Skrifstofu- og skjalastjóri